

AUGLÝSING

11

13. febr.

um gildistöku stofnskrár alþjóða-veðurfræðistofnunarinnar.

Hinn 16. janúar 1948 var utanríkisráðuneyti Bandaríkja Ameríku afhent fullgildingarskjal Íslands varðandi alþjóða-veðurfræðistofnunina (World Meteorological Organization).

Samkvæmt 35. gr. stofnskrár veðurfræðistofnunarinnar gengur stofnskráin í gildi þegar 30 ríki hafa gerzt aðilar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, hinn 13. febrúar 1948.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

12

1. marz

um afnám visum-skyldu í Sviss.

Samkomulag hefur náðst við ríkisstjórn Sviss um afnám visumskyldu íslenzkra ríkisborgara, sem ferðast vilja til Sviss, og gagnkvæmt, enda sé eigi um dvöl í atvinnuskyni að ræða.

Samkomulag þetta gengur í gildi hinn 15. marz 1948.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 1. marz 1948.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

L Ö G

13

1. marz

um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning
um réttindi Sameinuðu þjóðanna.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning þann um réttindi Sameinuðu þjóðanna (Convention on the Privileges and Immunities of the United Nations), sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 13. febrúar 1946 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfestur, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. marz 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.